

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 19. desember 2003 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

5. tölul. 3. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Við 11. gr. reglugerðarinnar, sbr. 4. gr. auglýsingar um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari, nr. 27/1993, bætist nýr töluliður, er verður 10. töluliður og hljóði svo:

10. Umferð og eftirlit með ökutækjum.

3. gr.

Við 9. tölul. 15. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. auglýsingar um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari, nr. 11/1995, bætist orðin: þ. á m. ábyrgð og váttryggingar ökutækja.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Forsætisráðuneytinu, 19. desember 2003.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*